

MATARHLÉ



Matgæðingur þessa tölublaðs er Rut Viktorsdóttir sem tók áskorun Berglindar Hlínar Baldursdóttur og viðurkennir kinnroðalaust að uppskriftin sé eftir eiginmann sinn sem er matreiðslumeistari. Uppskriftin er jafngóð fyrir það, enda ekki ætlast til að fólk finni upp hjólið í hvert sinn sem kveikt er á eldavélinni. Rut skorar á Katrínu Mariu Hjartardóttur grunnskólakennara í Síðuskóla að koma með næstu uppskrift.

KJÚKLINGASALAT - A LA ARI

Tilvalið í saumaklúbbinn

½ dós af sýrðum rjóma

¾ dós af majónesi

1 msk. af sætu Dijon sinnepi

1 msk. af grófkoma Dijon sinnepi

Dass af Aromat kryddi, smakkað til

Graslaukur, klipptur út í eftir smekk

3 grillaðar kjúklingabringur, skornar í litla bita.

2 bréf af beikoni sem er steikt mjög vel svo það sé vel crispy.

Mér finnst persónulega betra að setja það á ofnplötu og inn í ofn við 200 gráður í ca. 20-30 mín.

Þannig losnar maður við alla steikingarbrælu en það þarf að fylgjast vel með því svo það brenni ekki við.

Síðan er öllu hráefninu blandað saman í skál og hrært varlega saman.

Að lokum klippi ég svo graslauk yfir, svona upp á smartheitin.

Berist fram með nýbókuðu brauði.

BOTNAHORNID

Margir vildu botna fyrripartinn sem Davíð Hjálmar Haraldsson varpaði fram í síðasta tölublaði. Bestur og sniðugastur þótti dómnefndinni botn sem Gunnar Frímansson sendi okkur og hljóðar vísan þá svona:

**Yfir jólin mittismál
margra óx að vonum,
einkum þeirra er unna gjál-
ífum matræðskonum.**

Við höldum áfram með smérið. Botnið nú þetta og sendið okkur á netfangið kronikan@akureyri.is:

**Sæl og rjóð við sokkprjón
situr daga alla**

GOTT AÐ VITA

Starfslokanámskeið verður haldið dagana 1., 3. og 8. mars nk. Markmið námskeiðsins er að búa starfsfólk undir starfslok vegna aldurs og er dagskráin fjölbreytt. Markhópurinn er starfsfólk Akureyrarbæjar eldra en 60 ára og er námskeiðið þátttakendum að kostnaðarlausu. Námskeiðið er haldið í samvinnu við FSA, Kjöl og Einingu Iðju og er haldið í Lionssalnum að Skipagötu 14 á 4. hæð.

Þriðjudaginn 1. mars verður fjallað um opinbera þjónustu og almanna-tryggingar. Félagsstarf og lífsgæði verða til umfjöllunar fimmtudaginn 3. mars og í síðasta hluta námskeiðsins 8. mars verður fjallað um lífeyrismálin og heilsufar. Nánari upplýsingar um námskeiðið má finna í starfsmannahandbókinni: www.akureyri.is/starfsmannahandbok.



Mynd: Ragnar Hólm

Viða eru nú haldin hrafnþing um bæinn. Fuglarnir krunka sig saman og búa sig undir sumarið.

Innanbæjar KRÓNÍKA

2. töl. 6. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR mars 2011



ÁFRAM VEGINN

Margt hefur verið um kreppu rætt síðustu misserin á Íslandi, þótt sumir vilji frekar kenna núverandi ástand við þrengingar og samdrátt. Má það til sanns vegar færa ef litid er til þeirra aðstæðna sem íslenskt alþýðufólk bjó við fyrir mannsaldri eða svo. Þá var sannarlega kreppa á Íslandi og mörgum allar bjargir bannaðar. En við erum orðin góðu vön og því kemur versnandi afkoma þjóðarbúsins og minnkandi kaupmáttur illa við okkur.

Aðhald í rekstri bæjarfélagsins okkar er nauðsynlegt eins og nú árar. Við þurfum fyrst og fremst að hyggja að grunnþjónustunni, tryggja velferð íbúa sveitarfélagsins en jafnframt sinna nauðsynlegu uppbyggingarstarfi eins og kostur er.

Ekki er nema eðlilegt að fólk hafi áhyggur af ástandinu og því sem morgundagurinn ber í skauti sér. Ýmsar blikur eru á lofti en það er ekki okkar háttur að leggja árar í bát. Margt starfsfólk Akureyrarbæjar hefur spurt mig að því hvað sé framundan, hvort við blasi uppsagnir í stórum stíl eða stórfelldur niðurskurður. Heiðarlegt og einlægt svar er að hagræðing blasir við og bæjarstjórn Akureyrar mun gera allt sem í hennar valdi stendur til að verja störf. Saman tekst okkur að halda sjó og lánast að horfa björtum augum fram á veginn.

Með kærri kveðju,
Geir Kristinn Aðalsteinsson,
forseti bæjarstjórnar



www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Útgefandi: Akureyrarbær

Ritstjóri: Ragnar Hólm Ragnarsson

Ritnefnd: Dórothea Jónsdóttir, Friðný Sigurðardóttir, Ragnar Hólm Ragnarsson

og Samúel Jóhannsson.

Netfang: kronikan@akureyri.is

Hönnun og umbrot: Still - Prentun: Ásprént

GAMLA MYNDIN



Við höldum áfram með getraunaleikinn okkar og spyrjum: Hvaða stúlka er þetta á myndinni til hliðar? Verið ófeimin að giska og sendið okkur svar á netfangið kronikan@akureyri.is. Dregið verður úr réttum svörum og fær einn heppinn lesandi tveggja daga skíðakort í Hlíðarfjall.

Síðast birtum við mynd af ungum herra og spurðum hver hann væri og við hvaða götu myndin væri tekin. Nokkur rétt svör bárust og nafn Dagnýjar M. Harðardóttur var dregið úr bunkanum. Hún fær að launum tveggja daga kort í Hlíðarfjall. Pilturinn á myndinni er Ragnar Hólm Ragnarsson og myndin tekin í Holtagötu.



KENningarINN ÖRN

Dagana 22. og 23. febrúar heimsótti Örn Árnason leikari nokkra vinnustaði hjá Akureyrarbæ og flutti hugvekju um þjónustu. Starfsfólk í stéttarfélagunum Kili og Einingu Íðju úr Hlíðarfjalli, Sundlauginni, strætó, Framkvæmdamiðstöðinni, Bókasafninu, Héraðsbókasafninu, Rósenborg og Ráðhúsinu nutu góðs af heimsókninni. Örn spurði og svaraði spurningum á borð við þessar: Byggir góð þjónusta á sameiginlegu átaki allra starfsmanna? Þurfa samstarfsmenn að veita hver öðrum góða þjónustu til að viðskiptavinurinn fái góða þjónustu? Viljum við frekar skipta við viðmótsþýðan samstarfsmann en þann sem er hæfari en ekki eins vingjarnlegur? Spilagaldrar, sögur, söngur, glens og grín komu einnig við sögu hjá Erni svo úr varð hin skemmtilegasta hugvekja. Heimsókn Arnar var liður í innleiðingu á þjónustustefnu Akureyrarbæjar og markmiðið að vekja fólk til umhugsunar um þjónustuna sem það veitir. Gildin sem þjónustustefnan byggir á eru fagmennska, lipurð og traust. Námskeiðin eru styrkt af Mannauðssjóði Kjalar og Sveitamennt.

FÁNÝTUR FRÓÐLEIKUR?



Heildarfarþega fjöldi um Akureyrarflugvöll árið 2010 var 203.337 manns sem samsvarar því að hver Akureyringur hafi farið í um 11 flugferðir eða að allir íbúar höfuðborgarsvæðisins hefðu verið fluttir norður aðra leiðina. Aukning á farþega fjölda milli ára 2009 og 2010 var 6,9%. Aukning á farþegum í millilandaflugi var hins vegar miklu meiri eða nálega 150% en þeir voru 15.622 árið 2010 á móti 6.643 árið á undan. Þetta var vissulega mikil lyftistöng fyrir Akureyri og flugvöllinn en kom ekki til af góðu – ástæðu aukningarinnar má að stærstum hluta rekja til eldgossins í Eyjafjallajökli.



Örn Árnason kennir starfsfólki Akureyrarbæjar á þjónustunámskeiði í Rósenborg.

HVAÐ ERTU AÐ GERA?



Hörður Geirsson er safnvörður ljósmyndadeildar Minjasafnsins á Akureyri. Hann er fæddur á Akureyri, ólst upp fyrst á Brekkunni en síðan í Þorpinu og er því Þorpari. Eftir skólagöngu bæði í gamla Glerárskólanum og síðan í þeim sem nú ber það nafn, lá leiðin í Gagnfræðaskólann og síðan í Iðnskólann. Hörður vann sem rafvirki í níu ár áður en hann hóf störf hjá Minjasafninu fyrir 26 árum. Hörður hefur verið áhugaljósmyndari frá æsku og haldið nokkrar ljósmyndasýningar. Hann er áhugamaður um flugsögu og haskaði sér í flugnám

fyrir nokkrum árum og flýgur nú í góðu veðri á sumrin hér yfir bænum og nýtur hvernar stundar. Leitaði að týndri flugvél í tvo áratugi hér á Tröllaskaganum og fann hana árið 1999. Í framhaldi af því var gerður heimildabáttur á Stöð 2 um leiðangrana sem farnir voru til björgunar á staðinn. Hann var sýndur fyrir jólin 2003. Þá hefur Hörður verið liðtækur í fyrirlestrahaldi og leiðsögn um gömlu Akureyri. Af áhugamállum auk ljósmyndunar og flugs má nefna skógrækt, útiveru og hverskonar grúsk í gömlum málum sem vekja áhuga hans.

Í hverju skyldi starfið helst vera fólgið?

„Ég hef á minni könnu ábyrgð á um þremur milljónum ljósmynda sem varðveittar eru á Minjasafninu á Akureyri. Starfið skiptist á milli þess að afgreiða pantanir og fyrirspurnir, taka á móti nýjum aðföngum, úrvinnslu og frágangi á safnkostinum, uppsetningu og vinnu við sýningar og síðan rannsóknnum á ljósmyndasögnum.“

Hvað er skemmtilegast og hvað leiðinlegast við starfið?

„Ánægjulegust er rannsóknarvinnan og að uppgötva myndir sem varpa nýju ljósi á bæjarhluta eða eru fallegar og gleðja augað. Eins eru það forréttindi að vinna með svona skemmtilegu og hæfileikaríku fólk sem vinnur á safninu. Það leiðinlega er að hafa ekki meiri tíma til rannsóknarvinnu og skráningar á safnkostinum.“

Hver er helsti kostur við að búa á Akureyri?

„Stærð bæjarins. Það er stutt í allt og þar af leiðandi er ekki verið að eyða lífinu í akstur á milli staða. Ég kynntist því er ég bjó í Noregi og var að vinna í Tönsberg: Þá var hægt að eyða hálfu dögnum í akstur á milli staða eftir smámunum sitjandi fastur í umferðateppum í yfirfullu gatnakerfinu. Svo er bara gott að búa á Íslandi. Þetta væl í fjölmiðlum um að Íslendingar geti haft það svo gott í öðrum löndum, reyndist ekki vera það rétta fyrir mig. Vatnið er svo gott hér, maturinn og þessir litlu ósiðir sem eru orðnir hluti af daglegu lífi Íslendingans er það sem maður saknar búandi erlendis, auk vina og þess samfélags sem við höfum búið til hér á landi og við kunnum ekki að meta fyrr en maður er fluttur í burtu. Á Akureyri eru boðleiðir í samfélaginu stuttar og auðvelt að koma í framkvæmd flóknum hlutum eins og að smíða sér eftirlíkingu af myndavél frá árinu 1880.“